

A, a, a hvað amma er góð - Aa (í skóginum stóð kofi einn)

A, a, a hvað amma er góð,
afi er líka gæðablóð.
Afi segir a, a, a,
Amma svarar: Ha?

Amma segir: Alli minn,
Alli, þú ert besta skinn.
Alli segir a, a, a,
Amma svarar: Tja.



a

Músin mjúka - Mm (þumalfingur)

Músin mjúka
Má hún fá
Í magann sinn
Meiri ost, meiri ost?
M,m,m,m,m,m.

Músinn maular
Mjúkan ostinn.
Má ég fá
Mjúkan ost, músarost
M,m,m,m,m,m.



m

Blása sápukulur - Bb *(Inn og útum gluggann)*

Blása sápukulur,
blása sápubólur.
Blása, mása og blása
b, b, b, b, b.

Sjá þær úti svífa
sjá þær hærra klífa.
Blása, mása og blása
b, b, b, b, b.



b

Nudda á sér nefið - Nn *(Ríðum heim að Hólum)*

Nudda á sér nefið
n,n,n, mig kitlar svo.
N,n,n,n, nebbanudd,
núna lagar kvefið

Nefið er með nasir,
nös og nös, þær eru tvær.
Spegilinn ég næ í nú,
nefið við mér blasir.



n

Úti drjúpa droparnir - Dd *(Krummi svaf í klettagjá)*

Úti drjúpa droparnir,
detta og sletta soparnir,
heyrast í þeim d, d, d,
þeir detta, sletta og skvetta.

Kiddi og Edda dansa dátt,
d, d, d, þau kalla hátt
þegar þau heyra þetta,
já, heyra dropa detta.



d

Íris kallar - Íí-Ýý (Fuglinn segir)

Íris kallar í,í,í
í hvað þetta er gaman.
Ívar botnar ekkert í,
í öllu þessu saman.



í

Vísur eftir Þórarín Eldjárn. Vísurnar eru sungin við gömul og þekkt lög. Tekið úr bókinni Lubbi finnur málbein. Eftir Eyrúnu Ísfold Gísladóttir og Þóru Másdóttir.